



158. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal fimmtudaginn 26. febrúar 2009 og hófst kl. 16:15.

Mættir: Ólafur Rafnsson forseti, Lárus Blöndal varaforseti, Hafsteinn Pálsson, Helga H. Magnúsdóttir, Örn Andrésson, Sigríður Jónsdóttir, Engilbert Olgeirsson, Helga Steinunn Guðmundsdóttir, Ingibjörg Bergrós Jóhannsdóttir 3. varamaður, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Forföll boðuðu Gunnar Bragason gjaldkeri, Krístrún Heimisdóttir ritari, Friðrik Einarsson, Jón Gestur Viggósson 1. varamaður og Oddný Árnadóttir 2. varamaður.

Forseti setti fund og stjórnaði honum.

1. Íþróttaping ÍSÍ 2009

Rætt um framboð til framkvæmdastjórnar ÍSÍ en bréf þar að lútandi verður sent sambandsaðilum þann 6. mars nk. Framboð til forseta, framkvæmdastjórnar og varastjórnar ÍSÍ þurfa að hafa borist skrifstofu ÍSÍ fyrir 27. mars nk.

Lögð fram drög að tillögum og ályktunum fyrir Íþróttaping 2009. Fundarmönnum falið að fara yfir drögin og koma með athugasemdir og viðbætur fyrir næsta fund.

2. Ólympísk verkefni

Slask-Beskidy

Helga Steinunn Guðmundsdóttir aðalfararstjóri fór í grófum dráttum yfir þátttöku ÍSÍ í Vetrarólympíuhátíð Evrópuæskunnar í Slask-Beskidy í Póllandi. Snjócoma og ófærð raskaði dagskrá svo jafnvel þurfti að fella niður greinar. Óánægja var með að keppendur gátu ekki áunnið sér FIS-punkta með þátttöku. Íslenski hópurinn var til sóma. Helga mun skila fararstjóráskýrslu með nánari upplýsingum innan skamms.

Ólympíuleikar Vancouver

Framkvæmdastjóri greindi frá aðalfararstjórafundi sem haldinn var í Vancouver 16. - 21. febrúar sl. en auk framkvæmdastjóra sótti Andri Stefánsson sviðsstjóri Afrekssviðs fundinn. Á fundinum var farið yfir hagnýt atriði sem snúa að undirbúningi leikanna svo sem gistingu, miðamál, skráningar, öryggismál o.m.fl. Jafnframt var farið í skoðunarferð í íþróttamannvirki og Ólympíuþorp. Öll íþróttamannvirki eru tilbúin en verið er að ljúka við byggingu þorpsins.

Smáþjóðaleikar

Aðalfararstjóra- og tækninefndafundir verða haldnir á Kýpur 3. -4. apríl nk.

Íslensku keppendunum hefur verið úthlutað gistingu á Hilton Hótel í Nikosíu og Arsinoe hóteli í Limassol. Í Limassol verður keppt í sundi, fimleikum, strandblaki og siglingum. Aðrar greinar fara fram í Nikosíu. Ljóst er að þörf verður fyrir tvö fararstjórategymi á þessum leikum.

Samþykkt var að Örn Andrésson og Helga H. Magnúsdóttir verði í fararstjórn á Smáþjóðaleikunum. Endanleg tilhögun samsetningar fararstjóra og starfsmanna verður ákveðin sðar.

Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar í Tampere

Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar verður haldin í Tampere í Finnlandi í júlí nk. Samþykkt að Hafsteinn Pálsson verði aðalfararstjóri á hátíðinni og Andri Stefánsson sviðsstjóri Afrekssviðs verði aðstoðarfararstjóri.

3. Heiðranir

Samþykkt að heiðra Reyni Ragnarsson fráfarandi formann ÍBR með Heiðurskrossi ÍSÍ á þingi ÍBR síðar í dag.

Samþykkt að heiðra Berg Guðmundsson með Silfurmerki ÍSÍ á þingi HSK.

Samþykkt að heiðra Hlín Ástþórsdóttur og Ásdísi Vatnsdal með Silfurmerki ÍSÍ á ársþingi SSÍ.

4. Ferðasjóður

Þann 24. febrúar var úthlutað í annað sinn styrkjum úr Ferðasjóði íþróttafélaga, að þessu sinni vegna keppnisferða sem farnar voru á skilgreind mót á árinu 2008.

Úthlutað var 59 millj. króna til 123 íþrótt- og ungmennafélaga og deilda þeirra og dreifðist úthlutunin á 23 héraðssambönd/íþróttabandalög og 21 íþróttagein.

Forseti greindi frá fundi með menntamálaráðherra og fulltrúum menntamálaráðuneytis þar sem farið var yfir úthlutunina. Fulltrúar ÍSÍ ítrekuðu á fundinum mikilvægi sjóðsins fyrir íþróttahreyfinguna í landinu og nauðsyn þess að standa vörð um endurnýjun á samkomulagi þar að lútandi.

5. Fyrirmyndarfélög

Samþykkt að veita aðalstjórn og taekwondodeild Keflavíkur endurnýjun sem Fyrirmyndardeild ÍSÍ. Forseti ÍSÍ mun afhenda viðukenningarnar á aðalfundi Keflavíkur, íþrótt- og ungmennafélags.

Samþykkt að veita Taekwondodeild Selfoss gæðastimpilinn Fyrirmyndardeild ÍSÍ. Forseti ÍSÍ afhenti viðurkenninguna á ársþingi HSK.

6. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og staðfestar:

- *157. fundur framkvæmdastjórnar*
- *Almenningsíþróttasviðs frá 20. janúar 2009*
- *Skýrsla frá fundi með samnorrænum fundi um íþróttir í fyrirtækjum*

7. Þing og fundir

Eftirtalin ársþing eru framundan:

- *27. og 28. febrúar - SSÍ*
- *28. febrúar – HSK á Hvolsvelli*
- *6. mars – UMSS, Hofsósi*
- *13. mars – GLÍ að Laugum í Sælingsdal*
- *14. mars – KAÍ*
- *22. mars – USAH, Blönduósi*
- *2. maí – STÍ*
- *16. maí – ÍF, Hótel Saga*

8. Stjórnarfundir

Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ verða haldnir 19. mars og 16. apríl nk.

9. Önnur mál

Skipan Hjólreiðanefndar ÍSÍ

Hjólreiðanefnd ÍSÍ hefur óskað eftir breytingu á skipan stjórnar nefndarinnar en allir núverandi nefndarmenn hafa hug á að láta af störfum.

Samþykkt að skipa eftirtalda í Hjólreiðanefnd ÍSÍ:

Hákon Hrafn Sigurðsson formaður, Sigurgeir Agnarsson gjaldkeri, Kristinn R. Kristinsson ritari.

Skrifstofu falið að senda út skipunarbréf.

Stofnun Kraftlyftinganeftndar ÍSÍ

Tvö sérfélög um kraftlyftingar hafa verið stofnuð á undanförunum vikum, annað á Akureyri og hitt í Mosfellsbæ. Einnig hafa verið stofnaðar tvær kraftlyftingadeildir, í Breiðabliki og Umf. Njarðvíkur. Fleiri félög og deildir um íþróttina eru í farvatninu.

Forsvarsmenn Kraftlyftingasambands Íslands hafa farið þess á leit við ÍSÍ að stofnuð verði Kraftlyftinganeftnd ÍSÍ. Með stofnun nefndarinnar verði

Kraftlyftingasamband Íslands lagt niður í núverandi mynd og Kraftlyftinganeftnd ÍSÍ verði æðsti aðili um kraftlyftingar innan vébanda ÍSÍ.

Samþykkt að stofna Kraftlyftinganeftnd ÍSÍ. Boðað verður til fundar með forsvarsmönnum kraftlyftinga þar sem skipað verður í stjórn nefndarinnar.

Úrvalsdeild UMFÍ og LH

Rætt um nýstofnaða úrvalsdeild UMFÍ og LH. Samþykkt að forseti, varaforseti og framkvæmdastjóri ræði við forystu UMFÍ um deildina.

Ályktun KSÍ vegna Ferðasjóðs íþróttafélaga

ÍSÍ hefur borist tillaga til ályktunar frá ársþingi KSÍ sem haldið var 14. febrúar sl. þar sem skorað er á menntamálaráðherra að standa vörð um Ferðasjóð ÍSÍ og að endurskoða þá ákvörðun að hækka ekki framlag til sjóðsins á árinu 2009 eins og kynnt hafði verið fyrir íþróttahreyfingunni þegar sjóðurinn var stofnaður.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Líney Rut Halldórsdóttir fundarritari